

Borgarstjórn
7. mars 2017

Tillaga borgarfulltrúa Hildar Sverrisdóttur um tilmæli til Alþingis vegna áfengisfrumvarpsins

Borgarstjórn beinir þeim tilmælum til Alþingis að í meðförum áfengisfrumvarpsins svokallaða verði tekið mið af að aukin smásöluverslun með áfengi styður við markmið aðalskipulags Reykjavíkur um sjálfbær hverfi.

Greinargerð:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur til 2030 er kveðið á um markmið um sjálfbærari hverfi. Einn lykilþáttur í því markmiði er aukin hverfisverslun. Í aðalskipulaginu er tekið fram að stefnt sé að því að matvöruverslanir og aðrar dagvöruverslanir verði staðsettar innan hverfanna og að markmiðið sé að fólk þurfi ekki að fara akandi til að sækja sér þjónustu.

Óumdeilt er, og kemur til að mynda fram í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar, að bætt aðgengi að algengri neysluvöru eins og víni og öðru áfengi í formi fjölgunar staða sem hægt er að gera innkaup á áfengi án þess að þurfa að fara til þess akandi samræmist vel þeim markmiðum aðalskipulags um að gera hverfi sjálfbærari.

Fyrir rúmum tveimur árum síðan lögðu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram sambærilega tillögu í borgarstjórn um að borgarstjórn myndi hvetja Alþingi til að samþykkja áfengisfrumvarpið þáverandi þar sem það styddi við markmið aðalskipulagsins. Meirihlutinn samþykkti ekki tillöguna en vísaði henni til borgarráðs í frekari vinnslu. Málið virðist hins vegar hafa dagað uppi þar sem ekkert hefur heyrst um það eða afstöðu meirihlutans síðan þá.

Nú liggur fyrir á Alþingi annað frumvarp sem miðar að því að gera smásöluverslun á áfengi frjálsa. Frumvarpið er enn í meðförum þingsins og því ekki útséð um hvernig endanleg útfærsla verður. Þó er ljóst, enn sem fyrr, að aukin smásöluverslun með áfengi í einhvers konar mynd styður við sjálfbærni hverfa. Því hlýtur vilji borgarstjórnar að standa til þess að stuðla að framgangi markmiða aðalskipulags síns og hvetja Alþingi til að taka mið af því í meðförum málsins á Alþingi.